

Hofsstaðaskóli – forvarnir 2018-2019

Í Hofsstaðaskóla eru nokkur forvarnarverkefni sem eru föst inni og það er t.d. öll fræðsla frá hjúkrunarfræðingi og námsráðgjafa sem kostar ekkert og fer fram á mismunandi tíma eftir árgöngum. Krakkarnir í hverfinu er fræðsla sem kemur alltaf inn í 2. bekk og við höfum ekki greitt fyrir hana.

Leyndarmálið í 3. bekk er í höndum umsjónarkennara og námsráðgjafa.

Í mörg ár höfum við fengið fræðslu fyrir 4. bekk frá SAFT varðandi tölvunotkun og hefur hún kostað í kringum 40.000 undanfarin ár.

Með aðra fræðslu þá fer það svolítið eftir framboð á hverju ári og eftirspurn frá árgöngum en við höfum reynt að miða við að fá utanaðkomandi fræðslu varðandi ýmis málefni 1x á ári a.m.k. í 4.-7. bekk sem við höfum verið að greiða fyrir.

Þessi fræðsla hefur undanfarin ár snúið að t.d. sjálfsmynd, tækjanotkun, einelti, kynfræðsla, tölvufíkn og samskiptum. Það er ekki hægt að hafa þetta alveg niðurnjörvað á milli ára þar sem árgangar eru ólíkir og eins og áður kom fram, misjafnt hvað er í boði.

Dæmi um kostnað á þessu skólaári 2018-2019:

SAFT: 40.000 fyrir 4. bekk (nemendur og foreldrar)

Pitt virði (40.000) fyrir 5. bekk um samskipti og heilbrigða net-og samfélagsmiðlanotkun

Fokk me – fokk you – (60.000) fyrir 7. bekk um heilbrigð samskipti, virðingu í samskiptum og kynferðislega áreitni.

Fokk me – fokk you – (60.000) fyrir 6. bekk um heilbrigð samskipti og virðingu í samskiptum.

Okkur langar líka að vera með sameiginlegan foreldrafund fyrir foreldra í 6.-7. bekk frá Fokk me – Fokk you en það er ekkert búið að ákveða með það ennþá.

Dæmi um fræðslu undanfarin ár: Við höfum fengið t.d. Bjarna Fritz (50.000 fyrir 1 árgang), Kristínu Tómasdóttur (50.000 fyrir 1 árgang), Sigu Dögg (35.000 fyrir hvern hóp í 7. bekk og þá vorum við líka með foreldrafund um kvöldið, heildarkostnaður var 125.000), Pálmar Ragnarsson (60.000 fyrir 2 árganga), Eyjólf Örn (forvarnavika), Magnús Stefánsson og Pál Óskar (70.000 fyrir hvern árgang + foreldrar, þetta var boðið upp á fyrir 2 árganga), Erindi (forvarnavika)

Yfirlit yfir forvarnir í Hofsstaðaskóla eftir bekkjum

1. Bekkur	Líkaminn minn (hjúkrunarfræðingur) - morgunmat - Tannvernd – Hjalmanotkun (hjúkrunarfræðingur)
2. Bekkur	Krakkarnir í hverfinu (Blátt áfram og starfsfólk skólans) – Svefn og tilfinningar (hjúkrunarfræðingur)
3. Bekkur	Leyndarmálið (Umsjónarkennarar og námsráðgjafi) – Fæðuhringurinn og Hreyfihringurinn (hjúkrunarfræðingur)
4. Bekkur	Saft fræðsla (SAFT) – Tannvernd – Slysahættur og viðbrögð – Sjálfsmynd (hjúkrunarfræðingur) –
5. Bekkur	Fræðsla um samskipti (mismunandi aðilar) – Reglulegar máltíðir – Sjálfsmynd (námsráðgjafi) - Viðbrögð við hreyfingu – Góð samskipti (hjúkrunarfræðingur)
6. bekkur	Kynþroski, fræðsla (hjúkrunarfræðingur). Alls kyns um kynþroskann (umsjónarkennarar og námsráðgjafi) – Fræðsla um samskipti, netnotkun (mismunandi aðilar)
7. bekkur	Námstækni (námsráðgjafi) - Tannvernd - Góð sjálfsmynd (hjúkrunarfræðingur) – Fræðsla um heilbrigð samskipti og virðingu (mismunandi aðilar)

